

SKATTUR Á FYRIRTÆKI **fyrirtækjaskattaréttur**

Gengisskattlagning

Ásmundur G. Vilhjálmsson

Glærupakki 6

Lausleg yfirferð - fræðsluefni

Gengishagnaður og -tap. Árin 1921-1978. Einkenni. Höft

- Viðskipti við útlönd. Innlendir atvinnurekstur. Einsleit starfsemi. Aðallega fisksala gegn staðgreiðslu
- Viðskiptahömlur. Bannað var að eiga gjaldeyri
- **Hlotnaðist aðila tekjur í erlendum verðmæli bar að skila honum til ríkisins. Meginregla fram til 1985**
- Vegn þessa var ekki þörf á flóknum lagareglum um uppgjör gengishagnaðar og –taps
- Fyrstu ákvæðin um skattskyldu gengishagnaðar og -taps voru þess vegna ekki lögfest fyrr en með lögum

Lög nr. 30/1971

- Gengishagnaður og -tap tengdist umfram allt kaupum á varanlegum rekstrarfjármunum (bátum, skipum)
 - **Gengishagnaður** (lækkun skuldar í ísl. krónum) var skattskyldur en á móti mátti færa niður kaupverð eignar um fjárhæð hans og núlluðust tekjurnar því út
 - **Gengistap** (hækkun skuldar í ísl. krónum) var ekki frádráttarbært en heimilt var að eignfæra það og fyrna á fimm árum

Lög nr. 40/1978, sbr. lög nr. 90/2003 (TSL)

- Sjá 5. tölul. 1. mgr. 8. gr. TSL. Gengishagnaður af hvers konar **eignum** í erlendum verðmæli (eignir = peningar og kröfur) **telst skattskyldar tekjur**
 - Ath. að í lögnum er ekki gert ráð fyrir gengis hagnaði af skuldum. Af hverju skyldi það vera? Styrking krónunnar var álitin óhugsandi!
- Sjá 4. tölul. 49. gr. TSL. Gengistap af hvers konar **skuldum** í erlendum verðmæli (skuldir ≠ eignir) **er frádráttarbær rekstrarkostnaður**
 - Ath. í lögnum er ekki gert ráð fyrir gengistapi af eignum (peningum og kröfum). Af hverju skyldi það vera? Styrking krónunnar var álitin óhugsandi!

5. tölul. 1. mgr. 8. gr. TSL

Til tekna í atvinnurekstri telst:

Gengishagnaður af hvers konar eignum í erlendum verðmæli á því ári sem gengisbreyting á sér stað og miðast við kaupgengi hlutaðeigandi erlends gjaldeyris í árslok

Frá gengishagnaði ársins skal draga gengistap, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 49. gr., og færa mismuninn til tekna sem gengishagnað [með jafnri fjárhæð á þrjú ár frá og með því reikningsári þegar gengishagnaður fellur til].

4. tölul. 1. mgr. 49. gr. TSL

Frá tekjum í atvinnurekstri má draga:

Gengistöp af hvers konar skuldum í erlendum verðmæli á því ári sem gengisbreyting á sér stað og miðast þau við **sölugengi** viðkomandi erlends gjaldeyris í árslok

Frá gengistapi ársins skal draga gengishagnað, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 8. gr., og færa mismuninn til gjalda sem gengistap **[með jafnri fjárhæð á þrjú ár frá og með því reikningsári sem gengistap fellur til]**

UMREIKNINGSSKYLDA

- Skýlt er að umreikna sér hverja innlögn og úttekt af gjaldeyrisreikningi í ísl. krónur miðað við gengi á innlagnar eða úttektardegi
- Í því sambandi gildir einu þótt erlendur gjaldeyrir sé lagður inn eða erlendir úttekin gjaldeyrir notaður til greiðslu beint
- Frá þessu er þó hægt að víkja ef maður hefur heimild til að færa bókhald í erlendum gjaldeyri en þá verða viðskiptin að eiga sér stað í þeim gjaldeyri sem heimildin einskorðast við

SVONA VIRKAR ÞETTA

- Fyrirtæki á 1 millj. dkr í banka. Í árslok var gengi dkr 15,00 kr.
- Fyrirtæki hyggst nú nota peningana til að kaupa vörur
- Tekur fyrirtækið því peningana út af reikningi sínum og greiðir vörurnar
- Gengið við úttektina er þá 25,00 kr. Hvaða alfeiðingu hefur úttektin hjá fyrirtækinu?
 - Fyrirtækið telst hafa hlotnast gengishagnaður í tekjur sem nemur $1.000.000 \times (25 - 15) = 10.000.000$ kr.

AFLEIÐING

- Í þessu felst líka að maður getur þurft að greiða hagnaðarskatt í íslenskum krónum þótt tap sé í erlendum verðmæli talið
- A kaupir hlutabréf fyrir 1000 US\$ á hluta bréfa genginu 10 og á gjaldmiðlagenginu 100 kr. eða fyrir 1.000.000 kr.
- Selji kaupandinn bréfin á hlutabréfa genginu 9 og á gjaldmiðlagenginu 125 kr. verður hann fyrir 1.000 US\$ tapi í dollurum talið en græðir hins vegar 125.000 kr. í ísl. krónum talið

Úrskurður nr. 70/2008

- Kærandi keypti hlutdeildarskírteini í fjárfestingarsjóði sem skráður var í erlendri mynt, þ.e. evrum, á árinu 2007 og innleysti skírteinin á sama ári. Varð tap af viðskiptunum, en vegna gengisbreytinga á umræddu tímabili, þ.e. lækkun á gengi íslenskrar krónu gagnvart evru, var kæranda reiknaður gengishagnaður af viðskiptunum að fjárhæð 630 kr. og dró fjármálafyrirtæki staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts af þeirri fjárhæð. **Um réttmæti þess afdráttar var deilt í málinu**
- Yfirskattanefnd benti á að í tilviki kæranda væri um að ræða gengishagnað í skilningi 5. tölul. 1. mgr., sbr. 4. tölul. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2003, en slíkur gengishagnaður væri ekki afdráttar skyldur samkvæmt lögum nr. 94/1996. Ekki væri um að ræða neina gengishækkun við innlausn hlutdeildarskírteina sem leitt gæti til afdráttarskyldu við innlausnina, enda hefði orðið tap af viðskiptunum
- Var fallist á kröfu kæranda og afdregin staðgreiðsla fjármagnstekjuskatts felld niður

Styrking og veiking krónunnar

- Á árunum 2002 til 2005 styrktist krónan gríðarlega
- Þetta olli ýmis konar vandamálum í rekstri
- Sama gildi árin 2006 til 2009 þegar krónan byrjaði að veikjast
- Þessi vandamál margfölduðust svo vegna lageruppgjörs gengishagnaðar og –taps til skatts. **Sjá eftirfarandi glærur**

Styrking krónunnar – færri krónur fyrir sömu sölu í erlendum gjaldeyri

Sala 2002	US\$	EURO
IKR	1.000.000.000	500.000.000
Miðgengi ársins	10.934.109	5.800.194
Sala 2005	US\$	EURO
Miðgengi ársins	10.934.109	5.800.194
IKR	687.294.936	453.230.434
Tekjulækkun	312.705.064	46.769.566

Styrking krónunnar – gengis- hagnaður af lánum - skattlagning

Dags:	DKK	IKR	Gengish	Skattur 18%
1 Júl 04 Lán tekið	25.000.000	297.250.000		
31 Des 04 Staða	25.000.000	280.625.000	16.625.000	2.992.500
1 Júl 05 Afborgun	1.000.000	10.551.000		
31 Des 05 Staða	24.000.000	240.336.000	29.738.000	5.352.840

Skattlagning - af hverju?

- Skv. skattalögum eru atvinnurekendur skyldir að gera upp gengishagnað og -tap miðað við stöðu kröfu eða skuldar í árslok
- Sýni uppgjörð hagnað ber að telja hann fram og greiða skatt af honum óháð því hvort hagnaðurinn hefur verið innleystur (greiddur) eða ekki
- Áður en gengishagnaður ársins er talinn fram má þó draga frá honum gengistap ársins
- Til skatts kemur því eingöngu mismunurinn

Er þessi uppgjörsaðferð náttúrulögmál?

- Yfirleitt er gengishagnaður og –tap gert upp samkvæmt tveimur aðferðum hjá þjóðum
 - ✓ **Lageraðferðin.** Skv. henni er reiknaður út mismunur á gengi kröfu eða skuldar miðað við árslok og ársbyrjun (stofnun/myndun) og hann talinn til tekna/gjalda að teknu tilliti til innborgunar/greiðslu eftir atvikum sem hagnaður – eða tap
 - ✓ **Innlausnaraðferðin (greiðslu/afborgunaraðferðin).** Skv. henni miðast tekju- eða gjaldfærslan við breytingu á kröfu/skuld frá myndun/stofnun til greiðslu/afborgunar. Aðeins innleystar (greiddar) tekjur/gjöld koma því til skatts

Skattar skv. innlausnaraðferð?

Dags	DKK	IKR	Gengish	Skattur 18%
1 Júl 04 Lán tekið	25.000.000	297.250.000 <small>1/25 = 11.890</small>		
31 Des 05 Staða	25.000.000	280.625.000	0	0
1 Júl 05 Afborgun	1.000.000	10.551.000	1.339.000 <small>(11.890-10.551)</small>	241.020
31 Des 05 Staða	24.000.000	240.336.000	0	0

Hvernig gera aðrar þjóðir þetta

- Danir
 - Innlausnaraðferðin – meginregla
 - Fyrirtæki, sem hafa atvinnu af sölu krafna, eru hins vegar skyldug að nota lageraðferð
- Norðmenn
 - Gera mun á skammtíma- og langtímakröfum og skuldum
 - Fyrirtölu lúta innlausnaraðferð, en síðar töldu lageraðferð
 - Innbyggt í kerfið eru þó ákv. frestunarmöguleikar. Aðeins þarf að tekjufæra hagnað að tap hafi verið gjaldfært
- Svíar
 - Gera þetta eins og við. Meiri samfelldni þó milli ára hjá þeim en okkur

Er unnt að breyta uppgjörinu hér á landi?

- Ekkert er því til fyrirstöðu að breyta uppgjóri gengismunar hér. Aðeins þarf að breyta lögum
 - Við gildistöku fjármagnstekjuskattslaganna var t. d. ákveðið á einstaklingar, sem ekki stunduðu atvinnurekstur, mættu nota innlausnaraðferð
- Árið 2005 var útlit fyrir að gengishagnaður yrði mikill hjá fyrirtækjum. Krónan hafði jú styrkst
- Þá var altalað að Ísland væri að sigla inn í efnahagskreppu með gengislækkunum o. fl.
- Vegna þessa beitti SA sér fyrir breytingu á skattskilum gengishagnaðar og -taps

Gengismunur hjá einstaklingum

Sjá 4. tölul. 2. mgr. 8. gr. TSL. Svona var þetta lögfest 1996 (fjármagnstekjuskattslögin)

- **Áfallinn** (innleystan) gengishagnað á hverja úttekt af reikningi eða afborgun af kröfu í erlendri mynt skal færa til tekna
- Heimilt skal þó að miða við meðaltal stöðu reiknings í upphafi og í lok árs eða á innborgunar- og úttektardegi innan ársins nema um veruleg viðskipti sé að ræða
- Nánari reglur hér að lútandi skulu settar í reglugerð í samráði við Seðlabanka Íslands

Víðsjár

- **... en Adam var ekki lengi í Paradís**

2. gr. laga nr.128/2009

Vinstri stjórn Jóhönnu og Steingríms
innlausnaraðferðinni kastað fyrir róða

4. tölul. 2. mgr. 8. gr. laganna skal orðast svo:

- Gengishagnað af hvers konar **innlánsreikningum** í erlendri mynt á því ári sem gengisbreyting á sér stað skal færa til tekna og miðast við kaupgengi hlutaðeigandi erlends gjaldeyris **í árslok eða á úttektardegi**
- Heimilt er **(ÞÓ)** að jafna saman gengishagnaði og gengistapi hvers innlánsreiknings fyrir sig innan ársins

Lög nr. 165/2010

Eftir að menn vitkuðust

1. gr.

4. tölul. 2. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:

- Innleystur gengishagnaður af hvers konar **innlánsreikningum og kröfum í erlendri mynt** á því ári sem innlausn á sér stað skal færður til tekna og miðast við mismun á kaupgengi hlutaðeigandi erlends gjaldeyris frá 1. janúar 2010 **eða síðar og á úttektar- eða greiðsludegi**
- Heimilt er að jafna saman gengishagnaði og gengistapi hvers innlánsreiknings fyrir sig innan ársins

Lög nr. 48/2006

AFTUR AÐ FYRIRTÆKJUNUM

- Þessi lög heimiluðu fyrirtækjum að dreifa fjárhæð gengishagnaðar umfram gengistap **sem myndaðist árið 2005** til skatts á árunum 2006, 2007 og 2008
- Skilyrði – ekki á kostnað annarra frádráttarliða
 - Yfirfærð töp urðu því að vera jöfnuð
 - Fyrningarhlutföll árið 2005 urðu að vera hin sömu og árið 2004
 - Hlutfall niðurfærslu skulda og vörubirgða varð að vera það sama árið 2005 og árið 2004

Lög nr. 61/2008

- Dreifing gengishagnaðar til skatts skv. lögum nr. 48/2006 var **einskiptis** aðgerð
- Með lögum nr. 61/2008 var hins vegar ákveðið að festa framkvæmdina í sessi. Ekki nóg með það heldur var heimildin **gerð að skyldu**
- Skv. því er þar af leiðandi ávallt skylt að dreifa gengishagnaði og -tapi á þrjú ár við skattlagningu
- Dreifingin miðast við þrjú ár „**frá og með**“ því ári er gengishagnaður eða tap myndast sem þýðir að myndunar/stofnunar árið telst með

Gildistími

- Umræddar breytingar er að finna í 1. og 3. gr. laga nr. 60/2008. Samkvæmt gildistökuákvæði laganna öðluðust þau ekki gildi fyrr en 1. jan. 2009
- Vegna þessa var eðlilegt að spurt væri hvernig fara skyldi með gengishagnað og -tap sem myndast hafði árið 2006, 2007 og 2008
- Skv. bráðabirgðaákvæði c (III) með lögum nr. 61/2008 var heimilt að dreifa fjárhæð umfram gengishagnað rekstrarárið 2007 og 2008 með sama hætti og heimilt var samkvæmt lögum 48/2006
- **Árið 2006 féll því svo að segja óbætt frá garði**

Önnur atriði

- Muna að dreifing á gengishagnaði skv. lögum nr. 46/2006 var með skilyrðum
- Þetta gildir ekki skv. lögum nr. 61/2008
- Fjármálafyrirtæki gátu ekki nýtt sér dreifingu gengishagnaðar skv. lögum nr. 46/2006
- Svo er ekki skv. lögum 61/2008
- Dreifing gengishagnaðar og -taps er því almenn skylda sem tekur til allra án skilyrða

Ekki meira um þetta
Einhverjar spurningar?
Ef ekki þakka ég fyrir mig